

**1. fundur skólanefndar Hrunamannahrepps
kjörtímabilið 2022-2026 v/Flúðaskóla**
1. sept 2022 kl. 15:00 í Flúðaskóla

Mætt: Katrín Þorvaldsdóttir, formaður, Björgvin Viðar Jónsson og Halldóra Hjörleifsdóttir sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Jóhanna Lilja Arnardóttir skólastjóri, Árni Þór Hilmarsson settur aðstoðarskólastjóri, Halla Gunnarsdóttir fulltrúi starfsfólks, Sigríður Björk Marínósdóttir og Helga Jóhanna Úlfarsdóttir varamaður Vilborgar Ástráðsdóttur fulltrúar Skeiða-og Gnúpverjahrepps.

Ekki mætt: Steinunn Lilja Hreiðarsdóttir fulltrúi foreldra.

Dagskrá:

1. Hlutverk og verksvið skólanefnda-erindisbréf
2. Undirritun á trúnaðarbréfi
3. Skýrsla skólastjóra
4. Þátttaka Flúðaskóla í sameiginlegum smiðjum með Reykholtsskóla, Bláskógaskóla og Kerhólsskóla.
5. Skólaakstur-skólasel-breyting
6. Göngum í skólann
7. Ákvörðun um fundartíma og fyrirkomulag fundargagna
8. Önnur mál

Formaður setti fund og bauð fundarfólk velkomið inn á fundinn. Formaður óskaði jafnframt eftir athugasemduum við fundarboð. Engar athugasemdir við fundarboð.

1. Hlutverk og verksvið skólanefnda-erindisbréf

Formaður fór yfir erindisbréf skólanefndar og þar með hlutverk og verksvið skólanefndar.

2. Undirritun á trúnaðarbréfi

Farið yfir yfirlýsingum um trúnaðar- og þagnarskyldu. Verður undirritað á næsta fundi.

3. Skýrsla skólastjóra

Skólastjóri fór yfir starfið. Í dag eru 105 nemendur skráðir í Flúðaskóla. 43 nemendur úr Hrunamannahreppi eru í skólaakstri og einnig þeir 27 sem koma frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Það eru því um 67% nemenda sem koma í skólann með skólabíl. Þetta er 93. skólaár Flúðaskóla og 50. skólaárið sem unglingar koma hingað frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Stöðugildi kennara og stjórnenda er 13,4 og stuðningsfulltrúa og starfsmanna í skóla með stuðning eru tæp 4. Vegna nýs nemanda með sérþarfir réðum við einnig þroskaþjálfa í 90% starf. Alls eru þá 27 starfsmenn innan veggja skólans.

Árni Þór Hilmarsson hefur verið ráðinn sem aðstoðarskólastjóri fram að áramótum, í forföllum Steinunnar Margrétar Larsen. Nýir starfsmenn eru: Konrad Tota, íþróttakennari, Sigríður Steinunn Einarsdóttir, leiðbeinandi (er í kennaranámi), Anna Ásmundsdóttir, dönsku kennari, Eyþór Orri Árnason, starfsmaður í skóla með stuðning og Ragnheiður Ósk Guðmundsdóttir þroskaþjálfi. Í dag réðum við einnig starfsmann í mótneyti, Sorin Scriciu sem leysir Biöncu af meðan hún er í fæðingarorlofi. Það er gaman að segja frá því að Sorin er 8 karlkynsstarfsmaðurinn hjá okkur þetta skólaár.

ÁfH

SBM

KH

WT

KP

BW

JLA

HG

Þessa dagana er verið að klára nýja og glæsilega heimilisfræðistofu, og húsnæðið sem hýsti gömlu heimilisfræðistofuna er í endurnýjun og mun bæta mjög alla aðstöðu fyrir mótneytið.

Nú í lok dags hafa 41 nemandi verið skráðir í leyfi á réttardaginn og 7 starfsmenn. Auk þess eru 4 kennarar og stuðningsfulltrúar sem ekki vinna á föstudögum.

4. **Þátttaka Flúðaskóla í sameiginlegum smiðjum með Reykholtsskóla, Bláskógaskóla og Kerhólsskóla.**

Aðstoðarskólastjóri kynnir sameiginlegar unglingsmiðjur sem Flúðaskóli er nú orðin þátttakandi í með Reykholtsskóla, Bláskógaskóla og Kerhólsskóla.

Með þátttöku er t.d. verið að auka samgang og treysta kynni jafnaldra í héraðinu og auka verulega fjölbreytni í framboði valgreina.

Miðað er við að haldna séu 4 smiðjur yfir veturn og eru þær þá haldnar frá u.p.b kl 12-22 á fimmtudegi og frá kl 8- 16 á föstudagi.

Miðað við þátttöku í smiðjunum breytist stundaskrá unglingadeildar þar sem þau vinna af sér skólatíma í smiðjunum. Stundarskrá unglingastigs verður því 35 kennslustundir í stað 37.

5. **Skólaakstur-skólasel-breyting.**

Í kjölfar þátttöku Flúðaskóla í sameiginlegum smiðjum grunnskóla með nágrannasveitarfélögum er fyrirhuguð breyting á skólaseli og skólaakstri. Þar sem stundaskrá unglingadeildar breytist við þátttöku í smiðjum þá er lagt til eftirfarandi breyting á skólaakstri þannig að einungis verði keyrt ein ferð á mánudögum kl. 13:40. Til að það gangi upp er lagt er til að fyrstu 4 bekkir Flúðaskóla verði í skólaseli frá því þau hætta í skóla kl. 12:30 til 13:30 á mánudögum og sá tími í skólaseli verði foreldrum að kostnaðarlausu. Skólanefnd samþykkir tillöguna enda þótt aukning sé á kostnaði varðandi skólasel þá er minnkun á kostnaði í skólaakstri.

Rætt var um möguleika á að breyta skólaakstri svipað á fimmtudögum. Lagt til að skólastjórnendur taki saman upplýsingar varðandi hvernig mánudagabreyting kemur út og taka ákvörðun í samræmi við þær upplýsingar.

6. **Göngum í skólann verkefnið**

Formaður lagði fram til kynningar bréf frá átaksverkefninu *Göngum í skólann* þar sem því er beint til stjórnenda sveitarfélaga að hvetja skólann til þátttöku í verkefninu. Hátt hlutfall nemenda eru í skólaakstri og eiga því erfitt um vik með að ganga í skólann. Skólanefnd hvetur starfsfólk og nemendur sem geta vegna vegalengdar að skóla að taka þátt í verkefninu. Í tengslum við verkefnið er skipulögð gönguferð alls skólans.

7. **Ákvörðun um fundartíma, rætt um fundartíma og fyrirkomulag fundargagna nefndarinnar.**

Fundarboð verður framvegis sent 1 viku fyrir fund og fundargögn tveimur dögum fyrir fundardag. Formaður leggur til að haldnir verði 1-2 sameiginlegir fundir um málefni leik-og grunnskóla yfir skólaárið til að fara meðal annars yfir skóladagatal fyrir næsta skólaár og samstarf á milli skólastiga.

ÁþH

BWJ

SBM

H

HG

KP

JL

Formaður mun senda hugmyndir af dagsetningum og fundartíma. Einnig lagði formaður til að skólanefnd fari yfir gátlista sem finna má í handbók frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

8. Önnur mál.

Farið og skoðuð ný aðstaða í kennslueldhúsi sem búið er að koma upp á efri hæðinni á tækjageymslunni í íþróttahúsinu.

Fundargögn

Erindisbréf fyrir skólanefnd Hrunamannahrepps

Göngum í skólann-kynningarbréf

Johanna Þóra Árnardóttir

Katrin Þorvaldsdóttir

Helenur Þórh. Úlfarsdóttir

Sigríður Þórh. Márinsdóttir

Halla Gunnarsdóttir

Hauðora Hjörleifsdóttir

Björgvinn Ólafur Jónasson
Arni Þór Hilmarsson